



Fréttabréf Heiðarskóla

Mars 2015

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Árshátíð Heiðarskóla

Árshátíð Heiðarskóla var haldin föstudaginn 20. mars þar sem allir nemendur skólans fengu tækifæri til að koma fram á sviði. Hátíðin var að venju þrískipt. Fyrst um morguninn héldu 1.-3. bekkir sína árshátíð, þá 4.-7. bekkur og loks 8.-10. bekkur. Í fyrsta skiptið höfðum við sérstakt þema árshátíðarinnar og var það ævintýri. Sýnd voru fjölbreytt og virkilega vel útfærð atriði á árshátíðum yngsta- og miðstigs þar sem prinsessur, prinsar, stjúpur, skordýr, strumpar og fleiri ævintýraverur létu ljós sín skína. Nemendur í 8.-10. bekk frumsýndu svo leikritið um Öskubusku en hið klassíska ævintýri hafði verið fært í nútímabúning. Fullur salur jafnaldrar og myndarlegur hópur foreldra skemmti sér konunglega á þessari glæsilegu sýningu. Að hátíðunum loknum gæddu árshátíðargestir sér á kræsingum í boði nemenda og foreldra og nutu samverunnar. Nemendur og kennarar eiga hrós skilið fyrir að hafa lagt sig svo vel fram við æfingar og fyrir frábæra frammistöðu á árshátíðardaginn. Foreldrum kunnum við okkar bestu þakkið fyrir góðar veitingar og samveru.





Íþróttadagar



Íþróttadagar stóðu yfir 23.-25. febrúar þar sem m.a. var spellað í eltingaleikjum, brennó, frisbee og survivor. Spriklinu lauk svo með keppni 10. bekkinga og starfsfólks eftir hádegi á miðvikudeginum. Drengirnir kepptu á móti karlpeningnum í knattspyrnu og stúlkur á móti kvenskörungunum í brennó. Að sjálfsgöðu vann starfsfólkið báða kappleikina enda ekki þekkt fyrir annað en sigra í þessum fjöruðu einvígum.



Góðir gestir

23. janúar kom Logi Gunnarsson, landsliðsmaður í körfubolta, í heimsókn til krakkanna í 3. bekk og sagði frá sjálfum sér. Logi lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að setja sér markmið og vera duglegur í öllu sem maður tekur sér fyrir hendur því þannig næst árangur. Lagði hann sérstaka áherslu á mikilvægi lesturs og las söguna Gilitrutt fyrir börnin.

Þorgrímur Þráinsson kom í sína árlegu heimsókn til okkar fimmtudaginn 5. febrúar. Hann hélt fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk sem ber heitið Láttu drauminn rætast! Með honum hvatti hann nemendur til að setja sér markmið á hinum ýmsu sviðum lífs síns svo að hjól lífsins myndi snúast eðlilega. Þannig yrðu þeir sáttari við sjálfa sig og hamingjusamari fyrir vikið. Nemendur kunnu vel að meta hvatningarorð Þorgríms.



Heilabrot á degi stærðfræðinnar

Föstudagurinn 6. febrúar var dagur stærðfræðinnar. Í tilefni af honum bjuggu stærðfræðikennarar á unglíngastigi til skemmtilegar þrautir, sem allir nemendur skólans fengu að glíma við. Skemmtileg stemmning myndaðist í kringum þessar þrautir og var stöðug umferð í matsalinn þar sem þrautunum var stillt upp.



Litla upplestrarhátíð 4. bekkjar

3. mars var Litla upplestrarhátíð 4. bekkjar haldin á sal skólans þar sem nemendur í 4. bekk lásu sögur og vísur auk þess sem þeir sungu skólasönginn Skólinn á heiðinni, Þorrabælinn, Flugdrekan úr Mary Poppins og Óskasteina. Eins og venja er var foreldrum boðið að koma og taka þátt í hátíðarhöldunum. Nemendur stóðu sig ákaflega vel enda höfðu þeir lagt mikið á sig við æfingar og undirbúning. Að dagskrá lokinni gæddu nemendur sér á kexi og foreldrum var boðinn kaffisopi.





Skólahreysti – Heiðarskóli í 2. sæti í 9. riðli

Lið Heiðarskóla keppti í 9. riðli í undanúrslitum Skólahreystis fimmtudaginn 19. mars. Þau Arnór Breki Atlason, Elma Rósny Arnarsdóttir, Katla Rún Garðarsdóttir og Arnór Sveinsson skipuðu liðið og var Skólahreystikempan Helena Jónsdóttir þjálfarinn þeirra. Þau stóðu sig eins og hetjur og enduðu í 2. sæti með 71.5 stig. Það mun vonandi tryggja þeim þátttökurétt sem annað tveggja liða sem nær bestum árangri þeirra liða sem lenda í 2. sæti í riðlakeppnunum Arnór Sveins gerði 26 upphíingar og 25 dýfur og Elma Rósny 49 armbeygjur og hékk í 3.29 mínútur. Þau Katla og Arnór Breki áttu besta tímarn í hraðapraut en þau fóru hana á 2.13 mín. Riðlakeppnin var haldin í íþróttahúsinu við Sunnubraut og er það í fyrsta sinn sem Skólahreystikeppnin er haldin hér í bæ. Stemmningin í húsinu var mögnuð og spennustigið hátt, bæði meðal keppenda og áhorfenda. Lið Holtaskóla var sigurvegari riðilsins og óskum við grannaskólanum okkar til hamingju með árangurinn. Lokakeppnin verður haldin 22. apríl í Laugardalshöllinni. Við óskum Helenu og Skólahreystiliðinu okkar til hamingju með árangurinn!



Stóra upplestrarkeppnin 2015

Þann 26. febrúar var skólakeppni Heiðarskóla í upplestri haldin á sal skólans. Þar voru þau Benjamín Jafet Sigurðarson og Eva María Davíðsdóttir valin úr hópi 9 nemenda í 7. bekk til að vera fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni sem fram fór 24. mars í Duus húsum. Aðrir keppendur voru þau Margrét Arna, Tómas Elí, Þórunn María, Bjarni Már, María Tinna, Ragnar Ingi og Ingibjörg Birta. Öll stóðu þau sig með stakri þryði. Alla nemendur 7. bekkjar höfðu þau Agnes Ósk og Jóhann Birnir umsjónarkennar þjáfað vel vikurnar áður. Sú reynsla mun vafalaust nýtast krökkunum vel.

Á lokahátíðinni í Duus húsum stóðu þau Benjamín Jafet og Eva María sig með glæsiþrag, rétt eins og aðrir keppendur. Þar voru þau meðal 13 nemenda úr grunnskólum Reykjanesbæjar og Sandgerðis. Birgitta Rós Ásmundsdóttir úr Holtaskóla sigraði, Olga Nanna Corvetto, Akurskóla varð í 2. sæti og Erna Rós Agnarsdóttir, Holtaskóla varð í 3. sæti. Við óskum Benjamín og Evu Maríu til hamingju með frábæra frammistöðu. Þau voru sjálfum sér og skólanum okkar til mikils sóma.



Lið Heiðarskóla í 2. sæti í Gettu enn betur



Spurningakeppni grunnskólanna í Reykjanesbæ, Gettu enn betur, fór fram í Akurskóla 11. febrúar sl. Þeir Fannar Gíslason, Páll Orri Pálsson og Þorbergur Jónsson skipuðu lið Heiðarskóla og áttu þeir Fannar og Þorbergur titil að verja. Þjálfari liðsins var Jóhann B. Guðmundsson. Auk Heiðarskóla tóku Holta-, Akur-, Njarðvíkur- og Myllubakkaskóli þátt. Sem ríkjandi meistara sátu piltarnir okkar hjá í fyrstu umferð en mættu svo liði Akurskóla í undanúrslitum og unnu þá 39-4. Í úrslitum mættu þeir liði Holtaskóla og var keppnin jöfn og spennandi. Eftir hraðaspurningar var staðan 12-12 en Holtskælingarnir stálu forystunni í bjölluspurningunum og unnu að lokum 24-16. Drengirnir stóðu sig með þryði og mega vera stoltir af frammistöðu sinni.

Öskudagsfjör



Í tilefni af öskudegi var skólastarfið okkar brotið upp með ýmsu móti. Eins og venja er höfðu draugarnir, uppvakningarnir og furðufuglarnir í nemendaráði sett upp draugahús sem vakti mikla lukku. Helena og Elín íþróttakennarar og Esther danskennari héldu uppi stuðinu í íþróttasalnum með leik og dansi og í heimastofum var spillað, spjallað og leikið.

Nemendur í 7.-10. bekk höfðu val um að taka þátt í spurninga- eða borðtenniskeppni, spila á spil, leika sér í Gítar Hero, horfa á vinsæla sjónvarpsþætti og svo auðvitað sýna sig í búningum og sjá aðra. Yngri nemendur skólans fóru einnig í hinar geysivinsælu búningakönnunarferðir. Klukkan 11 lauk svo öllu skipulögðu skólastarfi og örkuðu furðuverurnar okkar út í rigninguna og stefndu margar þeirra í átt að verslunum bæjarins í von um að geta fengið gótt fyrir fagran söng.



7. bekkur á Reykjum

Skólavikuna 2.-6. mars voru 7. bekklingarnir okkar í skólabúðunum að Reykjum í Hrótafirði ásamt umsjónarkennurum sínum þeim Agnesi Ósk og Jóhanni Birni. Krakkarnir höfðu gagn og gaman af skólastarfinu, treystu sín vinátubönd og mynduðu ný við jafnaldra sína í Norðlingaskóla. Auðheyrt var að hápunktur ferðarinnar var hárgreiðslukeppnin geysivinsæla og diskótekið en annarri eins stemningu höfðu krakkarnir ekki kynnst. Vegna slæmrar veðursþár var ákveðið að senda rútuna eftir hópnum á fimmtudeginum og renndu þreyttir en sælir ferðalangar í hlað skólans rétt eftir miðnætti.



Sólmyrkvi á árshátíðardaginn



Gleðilega páska!